

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Athugasemdir vegna lagningar Háspennulínu um Eyjafjörð

Tilfni þessa bréfs er bréf Iðnaðarráðuneytisins frá 23. mars 2012 (Tilv.:2020066/2.2.2) þar sem óskað er eftir ábendingum og athugasemdum sem varða mótun stefnu um raflínur í jörð og skila þeim til nefndar Iðnaðarráðuneytisins um áður nefnt efni.

Fyrir hönd Norlandair vill undirritaður gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir Landsnets sem hyggst leggja 220 kV háspennulínur um Eyjafjörð í nágrenni Akureyrarflugvallar þar sem miklir öryggishagsmunir eru í húfi.

Athygli er vakin á því að hvorki í frummatsskýrslu Landsnets á Blöndulínu 3 né viðaukum hennar er fjalla um áhrif framkvæmdanna á flug og flugöryggi. Hætta er á að verði haldið af stað með fyrirætlaðar framkvæmdir í óbreyttri mynd standist Akureyrarflugvöllur ekki þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja. Mikið starf hefur verið unnið til þess að markaðssetja Akureyrarflugvöll sem vænlegan kost í millilandaflugi sem allt gæti verið fyrir bý verði ekki gripið til annarra aðgerða en fyrirhugaðar eru. Á árunum 2007-2011 fóru u.þ.b. 52.000 farþegar í gegnum Akureyrarflugvöll með millilandaflugi og gengdi hann mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur á eldgosatímum. Enn fremur er öllu sjúkraflogi hérlendis sinnt frá Akureyrarflugvelli.

Aðstæður í Eyjafirði eru mjög þröngar með tilliti til landfræðilegra aðstæðna. Flugvélar sem koma í blindaflugi inn til Akureyrar þurfa oft á tíðum að enda aðflugið í sjónflugi og fljúga umhverfis völinn til þess að koma inn til landingar úr gagnstæðri átt í slæmum veðrum og tel ég því fráleitt að leggja háspennulínur í lofti á þeirri leið og bjóða hættunni heim. Það væri ekki á bætandi að hækka lágmark fyrir krefjandi nákvæmnisaðflug með hindrun og fjölga þeim dögum sem ófært yrði fyrir flugumferð um Akureyrarflugvöll til þess eins að minnka kostnað við lagningu háspennulínu um svæðið

Hér á landi og erlendis þekkjum við sögur ófárra slysa sem oðið hafa þegar flugvélar rekast á rafmagnslínur með skelfilegum afleiðingum. Frá árinu 1978 hafa 12 flugslys orðið hér á landi þegar flugvélum eða þyrlum var flogið á rafmagns- eða símalínur, þar af voru þrjú banaslys. (sjá á vef www.rnf.is). Í lokaskýrslu Ransóknarnefndar Flugslysa um flugslys TF-GUN C-180 við Vopnafjörð kemur meðal annars fram í lok skýrslunnar að Landsnet, RARIK, og

aðrir umráðendur loftlína eru kvattir til þess að gera ráðstafanir í öryggisátt þar sem mikil hætta skapast af loftlínunum við flugvelli. Lagning nýrra háspennulína í lofti skapar óöruggara umhverfi fyrir flugumferð við Akureyrarflugvöll. Þar af leiðandi ætti það að vera krafa að línurnar séu lagðar í jörðu í nágrenni flugvalla eða annarra staða þar sem flugumferð er mikil.

Raffræðilegar truflanir frá háspennulínunum eru staðreynd og geta haft áhrif á flugleiðsögubúnað flugvéla og í þessu tilviki á þeim tímapunkti sem áræðanleiki þarf að vera hve mestur. Þessari miklu nákvæmni sem þarf að eiga sér stað í nákvæmnisaðflugum teljum við alvarlega ógnað með lagningu þessarar fyrirhuguðu háspennulínu sem þverar aðflug inn til Akureyrar.

Fyrir hönd Norlandair



Steindór Kristinn Jónsson
Flugrekstrarstjóri